

Vel heppnaður Vísindadagur RHLÖ 28. október 2016 í Hringisal Landspítala

Vísindadagur RHLÖ í ár hafði yfirskriftina „Öldrunarþjónusta – frá Landspítala og heim“ en fræðslunefnd RHLÖ ákvað að leggja áherslu á nýjungar í öldrunarþjónustu innan LSH og þau úrræði sem boðið er upp á í þjónustu heima innan sveitafélagana á höfuðborgarsvæðinu.

Guðlaug Þórsdóttir, sérfræðingur í öldrunarlækningum setti daginn og Guðrún Dóra Guðmannsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldra var fundarstjóri.

Dagskrá Vísindadagsins var eftirfarandi:

13:20 – Nýjungar í öldrunarþjónustu á LSH

13:20 *Bráðamóttaka* – Anna Björg Jónsdóttir öldrunarlæknir

13:40 *Greiningarmóttakan* – Anna Björg Jónsdóttir öldrunarlæknir

14:20 Öldrunarþjónustan heim

14:20 *Heimahjúkrun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu* – Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis

14:40 *Heimahjúkrun í Reykjavík* – Margrét Guðnadóttir, teymisstjóri heimahjúkrunar, þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

15:00 *Heimaþjónusta í Reykjavík* – Sigrún Ingvarsdóttir, deildarstjóri þjónustumiðstöð Laugardal og Háaleiti

15:20 *Félagsleg heimaþjónusta í Kópavogi* – Anna Klara Georgsdóttir, deildarstjóri á velferðarsviði Kópavogsbæjar

15:40 Pallborðsumræður

Líflegar umræður voru eftir hvert erindi og pallborðsumræður fjörugar þar sem áhersla var lögð á mikilvægi þess að byggja „brú“ á milli allra aðila á höfuðborgarsvæðinu sem sinna heimaþjónustu, til að tryggja öldruðum sem heilstæðasta og samfellda þjónustu. Einnig kom fram brýn þörf á þverfaglegri teymisvinnu þar sem læknar, sjúkráþjálfarar, sálfræðingar, félagsráðgjafar og hjúkrunarfræðingar vinna saman að því að sinna heildrænni meðferð skjólstæðinganna. Í lok pallborðsumræðna var mynduð nefnd sem ætlar að vinna frekar að betri samskiptum og samfellu innan bæði félagskerfis, heimahjúkrunar og Landspítala.

Hægt er að segja að Vísindadagur RHLÖ hafi verið einstaklega vel heppnaður þar sem vinna að bættri þjónustu í framtíðinni heldur áfram eftir daginn.

Fræðslunefnd RHLÖ:
Guðlaug Þórsdóttir formaður
Guðrún Dóra Guðmannsdóttir
Jón Eyjólfur Jónsson
Ása Guðmundsdóttir
Ásta Guðmundsdóttir